

**3517. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 10. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2201152 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022

Samráð um frumvarp til breytinga á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hafa verið birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Lagt fram.

2. 2206003 - Kosning í ráð og nefndir tímabilið 2022 - 2026

Ljúka þarf kosningu í ráð og nefndir.

Lögð er til eftirfarandi skipan en samkvæmt kosningarlögum, sbr. 3.mgr. 17. gr. laga nr. 112/2021, kjósa kjörstjórnir sjálfar sér oddvita og skipta að öðru leyti með sér verkum:

A. Yfirkjörstjórn

Aðalmenn:

*Hugrún Olga Guðjónsdóttir
Einar Gunnar Einarsson
Björn Kjartansson*

Varamenn:

*Geir Guðjónsson
Brynjar Sigurður Sigurðarson
Karítas Jónsdóttir*

B. Kjörstjórn 1

Aðalmenn:

*Ingunn Sveinsdóttir
Viktor Elvar Viktorsson
Bára Ármannsdóttir*

Varamenn:

*Hulda Björg Þórðardóttir
Hjörvar Gunnarsson
Bernóðus Örn Karvelsson*

HL SPK

C. Kjörstjórn 2

Aðalmenn:

*Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Lára Dóra Lárusdóttir
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir*

Varamenn:

*Guðlaug Sverrisdóttir
Inga Þóra Lárusdóttir
Bryndís Böðvarsdóttir*

D. Kjörstjórn 3

Aðalmenn:

*Hjördís Garðarsdóttir
Sigmundur Ámundason
Karitas Gissurardóttir*

Varamenn:

*Erna Björk Jónsdóttir
Rannveig Guðmundsdóttir
Auður Freydís Þórsdóttir*

E. Kjörstjórn 4

Aðalmenn:

*Ingibjörg Elín Jónsdóttir
Sigríður Valdimarsdóttir
Hlini Baldursson*

Varamenn:

*Ástrós Una Jóhannesdóttir
Þórdís Árný Örnólfsdóttir
Maron Kærnested Baldursson*

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunartöku.

Samþykkt 3:0

3. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Fyrri umræða um fjárhagsáætlun fór fram í bæjarstjórn Akraness þann 8. nóvember sl.

Málið sett á dagskrá til að huga að verkefnavinnu á milli umræðna.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála- og greiningar og Svava Guðlaug Sverrisdóttir deildarstjóri reikningshalds og greininga sitja fundinn undir þessum lið.

LH Stek

Bæjarráð óskar eftir frekari greiningu á eftirtöldum þáttum:

- Frekari rýning á launaútgjöldum.
- Frekari rýning á fasteignasköttum, þ.á m. áhrif mögulegrar lækkunar á framlög frá Jöfnunarsjóði.
- Frekari rýning á gjaldskrá.
- Frekari rýning á öðrum rekstrarliðum.
- Frekari rýning á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun.

Vinnugögn verði lögð fyrir á næsta fundi bæjarráðs þann 24. nóvember næstkomandi.

Bæjarstjóra falin úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir og Svava Guðlaug Sverrisdóttir víkja af fundi.

4. **2211055 - Þorablót Skagamanna 2023**

Erindi frá árgangi "79 um styrk vegna Þorablóts Skagamanna 2023.

Bæjarráð samþykkir að styðja hið árlega Þorablót Skagamanna með sambærilegum hætti og undanfarin ár með endurgjaldlausum afnotum af íþróttahúsinu á Vesturgötu en viðburðurinn verður þann 21. janúar 2023.

Bæjarráð áréttar að skipuleggjendur gæti sem fyrr að því að fylgja gildandi áfengislöggjöf hvort sem það lítur að þátttöku ungmenna í viðburðinum sjálfum eða við afgreiðslu veitinga til gesta.

Samþykkt 3:0

5. **2211013 - Þjónusta sveitarfélaga 2022 - könnun Gallup**

Bæjarráð hyggst taka þátt í könnuninni annað hvert ár og verður Akraneskaupstaður því ekki með að þessu sinni.

Samþykkt 3:0

6. **2211032 - Stígamót - styrkbeiðni vegna rekstrar**

Styrkbeiðni frá Stígamótum.

Bæjarráð vísar málinu til frekari úrvinnslu við afgreiðslu fjárhagsáætlunar vegna ársins 2023.

Samþykkt 3:0

Lh
Sv

7. 2211061 - OR - tillaga til eigenda um skilmálabreytingu EIB láns

Tillaga stjórnar OR til eigenda um breytingu á skilmálum EIB láns.

Bæjarráð samþykkir skilmálabreytingu á lánasamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Evrópska fjárfestingarbankans (EIB), nr. 85.062 að fjárhæð EUR 70 milljónum, dags. 14. desember 2016.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunartöku.

Samþykkt 3:0

8. 2211062 - OR - upplýsingabeiðni vegna stjórnarsýslu dótturfélagsins Orka náttúrunnar

Upplýsingabeiðni vegna stjórnarsýslu dótturfélagsins Orka náttúrunnar.

Lagt fram.

9. 2210165 - Ljósleiðarinn - hlutafjárukning

Á hluthafafundi Ljósleiðarans þann 24. október 2022 var samþykkt tillaga að hlutafjárukningu með fyrirvara um samþykki eigenda OR. Með hjálögðu erindi er þess farið á leit við eigendur OR að þeir staðfesti samþykkt hluthafafundarins. Bæjarráð fól bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Afgreiðslu málsins frestað á síðasta fundi.

Bæjarstjóri fór yfir stöðu málsins.

Afgreiðslu frestað.

Samþykkt 3:0

10. 2211068 - Sveitarfélög til þátttöku við að þróa aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Skrifstofa loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun óska eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga.

Bæjarráð vísar erindinu til úrvinnslu skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

KL
STP